



Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Fjarðabyggð, 8. ágúst 2023
Tilvísun 2307081/0.9

Gögn og upplýsingar Fjarðabyggðar vegna stjórnslukæru

Með tölvupósti frá innviðaráðuneytinu þann 17. júlí 2023 er sveitarfélagið upplýst um að Ívar Ingimarsson hafi lagt fram stjórnslukæru vegna málsmeðferðar Fjarðabyggðar á ósk hans um smölun ágangsfjár í landi Óseyrar. Óskar ráðuneytið gagna og athugasemda sveitarfélagsins vegna kærunnar.

Um málsmeðferðina og ferli málsins fram til dagsins í dag.

Með tölvupósti 11. júní 2023 óska landeigendur Óseyrar, Ívar Ingimarsson og Hrefna Arnardóttir, eftir smölun sauðfjár úr landi sínu að Óseyri í Stöðvarfirði en með tölvupósti fylgja bréf og myndir af sauðfé. Ítreka þau að nýju erindi sitt með tölvupóstum 14. og 15. júní 2023.

Þann 21. júní berst bréf frá Lögreglustjóranum á Austurlandi dagsett 20. júní 2023 þar sem lögreglustjóri er að afla upplýsinga um ágang sauðfjár í landi Óseyrar.

Þann 26. júní 2023 tekur bæjarráð málið til umfjöllunar og bókar ráðið eftirfarandi: „*Framlagt erindi Ívars Ingimarsson og Hrefnu Arnarsdóttur frá 11. júní vegna smölunar á ágangsfé í landi Óseyrar á Stöðvarfirði. Jafnframt er framlagt erindi Lögreglustjórans á Austurlandi um ágang búfjár. Bæjarráð vísar erindi til fjallskilanevndar. Jafnframt er bæjarstjóra falið að senda Sambandi íslenskra sveitarfélaga erindi um gerð verklegsreglna á grunni álitis innviðaráðuneytis um ágang búfjár og svara erindi lögreglustjórans.*“

Þann 27. júní 2023 er svarað erindi Lögreglustjórans á Austurlandi.

Þann 29. júní 2023 berst erindi frá landeigendum Óseyrar vegna afgreiðslu málsins í bæjarráði en það er tekið fyrir á fundi bæjarráðs 3. júlí 2023 og afgreiðsla bæjarráðs er þessi: *Framlagt erindi landeiganda við Óseyri frá 29.6.23 vegna ágangsfjár. Bæjarráð þakkar bréfitara fyrir erindið og vísar til fyrri bókunar um málefnið en það er til umfjöllunar fjallskilanevndar.*

Þann 4. júlí 2023 berst erindi frá landeigendum Óseyrar vegna skaðabóta sem hann telur sig eiga rétt á vegna ágangs. Það erindi er tekið fyrir í bæjarráð þann 14. júlí 2023 en afgreiðsla bæjarráðs er eftirfarandi: *Framlagt erindi Ívars Ingimarsson og Hrefnu Arnardóttur varðandi*



skaðabætur vegna ágangsfjár í landi Óseyrar á Stöðvarfirði. Bæjarráð vísar erindinu til fjallskilanevndar.

Þann 5. júlí 2023 er send fyrirspurn á framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga um verklagsreglur um smölun ágangsfjár.

Fjallskilanevnd tekur málið fyrir á fundi sínum þann 13. júlí 2023 og fjallar þar um upphaflegt erindi frá 11. júní ásamt bréfi frá 29. júní 2023. Niðurstaða fjallskilanevndar er eftirfarandi: *„Við umfjöllun og afgreiðslu máls vék Arnór Ari Sigurðsson af fundi. Vísað frá bæjarráði til afgreiðslu fjallskilanevndar erindi Ívars Ingimarsson og Hrefnu Arnarsdóttur frá 11. júní vegna smölunar á ágangsfé í landi Óseyrar á Stöðvarfirði. Jafnframt er framlagt erindi Lögreglustjórans á Austurlandi um ágang búfjár og svarbréf Fjarðabyggðar. Fjallskilanevnd telur afar brýnt að endurskoða fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur sem allra fyrst með hliðsjón af ágreiningi um ágang sauðfjár og þess að fjallskilasamþykktin kveður ekkert á um ágang milli svæða innan sveitarfélags. Jafnframt felur fjallskilanevnd formanni fjallskilanevndar og bæjarritara að leita lögfræðiálits um stöðu sveitarfélagsins og leggja fyrir nefnd að nýju. Nefndin getur ekki að svo stöðu tekið afstöðu til erindis landeiganda Óseyrar.“*

Þann 18. júlí 2023 berst erindi frá Péttri Kristinssyni lögmanni þar sem hann hefur tekið við máli fyrir hönd landeigenda. Ítrekuð er krafa um smölun sauðfjár af landi Óseyrar ásamt því að óskað er afstöðu sveitarfélagsins til bótaskyldu þess.

Þann 18. júlí 2023 er haldinn samráðsfundur vegna smölunar ágangsfjár með sveitarstjórum og starfsmönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna túlkunar á lögum og framkvæmd í málaflokknum.

Þann 21. júlí 2023 berst tölvupóstur til sveitarfélagsins og lögreglu frá landeigendum Óseyrar þar sem upplýst er um dauða kind og slasað lamb.

Bæjarráð tekur fyrir á fundi sínum 24. júlí 2023 erindi lögmanns landeigenda og er niðurstaða ráðsins eftirfarandi: *„Framlagt bréf frá Málflutningsstofu Snæfellsness vegna ágangs búfjár. Bæjarráð vísar erindi til umfjöllunar fjallskilanevndar“.*

Þann 26. júlí 2023 berst bréf frá landeigendum Óseyrar þar sem fjallað er um svar Fjarðabyggðar til Lögreglustjórans á Austurlandi en hann sendi sveitarfélaginu bréf 20. júní 2023 vegna ágangs sauðfjár í landi Óseyrar en því var svarað 27. júní 2023.

Þann 26. júlí 2023 er Péttri Kristinssyni tilkynnt um afgreiðslu bæjarráðs frá 24. júlí 2023.

Fjallskilanevnd tekur málið fyrir að nýju á fundi sínum þann 28. júlí 2023 en þar er tekin fyrir erindi landeiganda frá 4. júlí 2023, erindi Péturs Kristinssonar lögmanns frá 18. júlí 2023 ásamt minnisblaði Ólafs Rúnars Ólafssonar lögmanns frá 26. júlí 2023. Niðurstaða fjallskilanevndar er eftirfarandi: *„Vísuð frá bæjarráði bréfi lögmanns landeiganda Óseyrar þar sem ítrekuð er krafa um smölun landsins. Jafnframt er lögð fram álitserð frá Lögmannsstofu Norðurlands en fjallskilanevnd óskaði eftir álitserð á síðasta fundi þar sem mikil réttaróvissa er í málaflokknum. Fjallskilanevnd telur í ljósi framlagðs álitserð lögmannsstofunnar að sveitarfélaginu beri ekki að verða við kröfu landeiganda Óseyrar um*



smölun lands hans. Fjallskilanevnd tekur ekki afstöðu til erindis sem fjallar um bótaskyldu sveitarfélagsins. Þá telur fjallskilanevnd að sterkar líkur séu á að sauðfé komi frá Breiðdal en jafnframt hafi fé áður komið fram í Stöðvarfirði frá Héraði og Fáskrúðsfirði. Fjallskilanevnd vísar málinu til bæjarráðs.“

Þann 28. júlí er minnisblað lögmanns Fjarðabyggðar afhent landeigendum að Óseyri.

Þann 2. ágúst 2023 berst bréf frá landeigendum Óseyrar þar sem fjallað er um álit Ólafs Rúnars Ólafssonar lögmanns.

Taka ber fram að bæjarstjóri hefur fengið reglubundið myndbönd og skilaboð í gegnum persónulegan aðgang sinn á samfélagsmiðlinum Messenger (Meta) frá landeigendum vegna ágangs sauðfjár á þessu tímabili.

Bæjarráð hefur ekki komið saman til fundar og telst málinu því ekki lokið af hálfu sveitarfélagsins.

Veittar verða fúslega frekari upplýsingar um málið sé þeirra óskað.

Jóna Árný Þórðardóttir
bæjarstjóri

Meðfylgjandi eru gögn málsins.

